



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

9. bekkur

Umsjónarkennari 9 AMS: Anna María Sigurðardóttir
Umsjónarkennari 9 SKB: Steinunn Kristín Bjarnadóttir
Sérkennari: Laufey Hreiðarsdóttir

Íslenska 2
Stærðfræði 5
Enska 10
Danska 11
Samfélagsfræði 13
Náttúrufræði 17
Lífsleikni 19
Íþróttir 21
Sund 22
Upplýsingamennt 23
Fatasaumur-val 24
Heimanámsval 24
Heimilisfræði - val 24
Íþróttir-val 25
Stærðfræði – val 25
Leiklist - val 26
Myndvinnsla – kvikmyndir 26

Íslenska

Kennari: Brynjar Karl Óttarsson og Steinunn Kristín Bjarnadóttir

Íslenska skiptist upp í nokkra námsþætti; lestur og lesskilning, hlustun, stafsetningu, bókmenntir, framsögn, málfræði og ritun.

Markmið

Að nemandi

- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili sínu, bókasafni og Netinu
- afli sér heimilda á bókasafni og á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu
- geti nýtt sér orðabækur og aðrar handbækur til að auka orðaforða sinn og efla lesskilning
- lesi nokkrar bækur að eigin vali
- geti gert nákvæman útdrátt úr efni sem hann hefur lesið
- geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið og gert grein fyrir henni
- geti skynjað boðskap og markmið texta
- geti gert grein fyrir þeim tilfinningum sem ákveðinn texti hefur á hann
- taki þátt í umræðu um lesna texta
- geti lesið og túlkað ýmiss konar myndmál og myndrænt efni
- geti lesið og túlkað töflur og myndrit og tengt niðurstöður við ákveðin verkefni
- geti beitt mismunandi lestri; leitarlestri, skimlestri, yfirlitslestri, nákvæmnislestri og hraðlestri
- þjálfist í samanburði á mismunandi textum
- geti lesið stiklutexta sér til gagns við upplýsingaöflun á Netinu.
- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum, t.d. á fundum eða samkomum
- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun, t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni og komast að niðurstöðu
- taki þátt í leikrænni tjáningu, t.d. spunaæfingum, látbragðsleik eða leiklestri
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- geti flutt bundið mál þannig að rím, stuðlar og hrynjandi njóti sín
- öðlist sjálfstöryggi í framsögn og framkomu með margvíslegum verkefnum
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- þjálfist í að svara í síma á viðeigandi hátt og geti lesið skilaboð inn á símsvara
- þjálfist í samræðum í litlum hópum um tiltekin málefni
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og rökstutt hana
- þjálfist í að tala blaðlaust um eitthvert ákveðið efni í tiltekinn tíma
- þjálfist í framsögn og upplestri með aðstoð upptökutækja
- geri sér grein fyrir mikilvægi raddverndar, slökunar, rétttrar öndunar og líkamsbeitingar við framsögn
- þjálfist í að segja og flytja skopsögur, bæði eigin og annarra, í stærri hópum og ræði um myndni.



- geti hlustað á tiltölulega flókið efni og skráð jafnóðum hjá sér athugasemdir eða minnisatriði
- geti nýtt sér tilkynningar og upplýsingaefni, t.d. í textavarp
- þjálfist í að horfa og hlusta á gagnrýninn hátt á fréttir, umræðubætti og auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi
- geti hlustað á frásögn og gert grein fyrir meginatriðum hennar munnlega eða skriflega
- hlusti á úrval bókmenntaefnis í bundnu og óbundnu máli
- geti hlustað af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra
- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál
- þjálfist í að hlusta á vandaðan upplestur bókmenntaefnis, t.d. af myndbandi eða hljóðbandi
- geti nýtt sér fræðslu- og skemmtiefni á myndbandi, margmiðlunarefni og efni á Netinu til ýmiss konar úrvinnslu
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir.
- nái valdi á stafsetningu og þekki flestar reglur um greinarmerkjasetningu
- geti nýtt sér útskýringar í orðabókum og kennslubókum og leiðréttingarforrit þegar hann er í vafa um rithátt einstakra orða
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók, ritunar- og leiðréttingarforrit
- öðlist góða tilfinningu fyrir setningaskipan og skiptingu texta í málsgreinar og efnisgreinar
- geti gengið frá eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum, á lýtalausán hátt
- þjálfist í ritun með margháttuðum tölvusamskiptum, t.d. með tölvupósti, þátttöku í netráðstefnum og spjallrásum
- geti tekið glósur í námi sínu
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir, skoðanir og tilfinningar
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli eða leiðbeiningar
- geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- nái góðum tókum á að skrifa útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- nái tókum á eðlilegri byggingu ritaðs máls
- þjálfist í ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- geti beitt mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis
- vinni úr ýmsum heimildum og læri undirstöðuatriði heimildarritunar
- fáí uppbyggjandi gagnrýni frá ýmsum aðilum á eigin texta og vinni úr henni
- sé vel meðvitaður um mun á töluðu máli og rituðu
- þjálfist í að leita að og skoða efni á Netinu og geti nýtt sér í ritunarvinnu
- geti nýtt sér tölvu við ritun/ritvinnslu og geti gengið frá efni á tölvutæku formi.
- kynnist heimi Íslendingasagna með því að lesa og ræða um stutta Íslendingasögu eða Íslendingaþátt
- lesi ítarlega og ræði um eina skáldsögu frá seinni tímum
- hraðlesi tvær skáldsögur, þýddar eða frumsamdar, og geri grein fyrir þeim skriflega eða munnlega
- lesi og læri fjölbreytt úrval ljóða, einkum eftir samtímahöfunda
- rýni í efni dægurtexta, bæði þekktra frá fyrri tímum og texta sem höfða til unglunga
- skilji hugtökin laust mál og bundið, hefðbundið og óhefðbundið ljóð
- geti fjallað um form og byggingu ljóða og notað til þess hugtökin rím, stuðlar, braglína, hrynjandi og endurtekning
- átti sig á hugtökunum tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, ris, persónusköpun og



- aðal- og aukapersónur í umfjöllun um skáldsögur
- þekki og geti fjallað um mismunandi gerðir myndmáls; bein mynd, líking, persónugerving og myndhverfing
- skoði mismunandi stíl og stílbrögð bókmenntaverka
- átti sig á stílhugtökunum einfaldur, flókinn og myndrænn
- lesi ritdóma um skáldverk sem hann hefur lesið
- geti gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekið bókmenntaverk hefur á hann
- noti margmiðlunarefni, efni á geisladiskum og vefsíðum til að dýpka þekkingu sína
- velti fyrir sér mun á sögu og leikriti með því að horfa á leiksýningu á sviði eða af myndbandi.
- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, ýmiss konar orða- og málleikjum, nýyrðasmíð og máli unglinga
- átti sig á því hvernig orðum er skipt eftir merkingarlegum og formlegum einkennum í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð
- þekki helstu beygingaratriði fallorða og sagnorða, átti sig á því hvað er reglulegt og hvað óreglulegt og geti nýtt sér þá þekkingu, t.d. í tengslum við leiðbeiningar um málfar og stafsetningu
- þekki mun á beinni og óbeinni ræðu og skilji merkingarmun á framsöguhætti og viðtengingarhætti í því samhengi
- skilji merkingarlegan mun á háttum sagna
- geti notað handbækur um íslenskt mál og skilið útskýringar á hugtökum sem þar er að finna
- geti nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar í námsgögnum, þ.m.t. í erlendum málum sem kennd eru í grunnskóla
- skilji hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein og geti nýtt sér þau í sambandi við greinarmerkjasetningu, leiðréttingar og frágang texta
- þekki hugtök, s.s. víðtækur og sértækur, gildishlaðinn og hlutlaus, hlutstæð orð og óhlutstæð, og geti beitt þeim við lýsingu á texta eða í umræðu um texta
- geti notað nokkur málfræðihugtök til að lýsa mun á íslensku máli og erlendu, t.d. orðaröð
- kannist við helstu hugtök í tengslum við orðmyndun, stofn, forskeyti, viðskeyti og beygingarendingu, og geti nýtt sér þau við stafsetningu og orðmyndun
- þekki og geti útskýrt mun orðtaka og málshátta og öðlist áhuga á að nota málshætti og orðtök við sem flest tækifæri
- öðlist áhuga á að vanda mál sitt sem best og láta það hæfa aðstæðum hverju sinni
- öðlist trú á eigin málkunnáttu og málhæfni.

Námsgögn

Mályrkja II lesbók og vinnubók, Sagnorð , Gullvör 2, Smáorð, Finnur II, Málfinnur , Þar sem Djöflaeyjan rís, Gísla saga , Skriffinnur, Valbók, Ljóð og sögur á ljósrituðum blöðum, Frjálslestrarbækur og ýmis gögn frá kennara

Leiðir

Nemendur vinna ýmis málfræðiverkefni þar sem aðaláhersla verður lögð á sagnorð og smáorð. Þá verður einnig farið í upprifjun á fallorðum. Nemendur lesa hinar ýmsu gerðir texta, svo sem ljóð, sögur, fréttatengt efni o.s.frv. Þá verða lesnar frjálslestrarbækur, ýmis blöð, tímarit og fleira valið efni. Nemendur lesa heima og í tímum og gera grein fyrir efninu, skoðunum sínum á því, boðskap o.fl. Nemendur hlusta á bekkjarfélaga með athygli og



Þjálfast í að gagnrýna hver annan á jákvæðan hátt að upplestri loknum. Hlustað verður á útvarpsefni svo sem tónlist og talað mál sem tengist verkefnum nemenda. Myndbönd og sjónvarp. Unnin verða hlustunarverkefni (spurningar úr texta sem hlustað er á). Nemendur skrifa frumsaminn texta, semja ljóð og skrifa útdrætti. Lögð verður áhersla á uppbyggingu og frágang textanna. Ýmis ritunarverkefni og stafsetningaræfingar. Unnið á tölvu í ritvinnslu (Word). Nemendur lesa bókmenntir, lesa ljóð og vinna bókmenntaverkefni. Skoðaðar verða mismunandi gerðir texta og farið í ýmis hugtök sem tengjast bókmenntum. Nemendur lesa frjálsléstrarbækur að eigin vali. Kynnast heimi Íslendingasagnanna.

Kennsluáðferðir:

Bein kennsla, heimildavinna, lausnaleitarnám, leitarnám, samvinnunám, hugstormun, umræður og spurningar, ítarnám.

Heimanám:

Nemendur lesa heima í bókmenntum og svara spurningum. Þeir leysa málfræðiverkefni í vinnubókum og gera reglulega ritunarverkefni í formi dagbókar. Nemendur læra fyrir einstök próf eða verkefni o.fl.

Námsmat:

Námsmat fer fram reglulega yfir allan veturinn. Nemendur vinna verkefni í tímum og heima, taka próf úr einstökum námsþáttum eða leysa verkefni. Vægi þátta í lokaeinkunn er um það bil; stafsetning og ritun 20%, bókmenntir og lesskilningur 30%, málfræði 30%. Vinnueinkunn gildir u.þ.b. 20% af lokaeinkunn.

Stærðfræði

Kennarar: Kolbrún Jónsdóttir og Sigfús Aðalsteinsson

Markmið

Inntak

Markmið að nemendur:

- Efli skilning sinn á tugakerfinu og kynnist öðrum sætiskerfum en tugakerfi.
- Þekki ýmsar leiðir við talnaritun, svo sem veldaríthátt og staðalform.
- Þekki talnamengin N, Z, Q og R og einkenni þeirra.
- Geti nýtt sér veldi og veldaríthátt til að einfalda framsetningu og útreikninga með stórum tölum eða smáum.
- Geti beitt helstu reiknireglum um veldi.
- Þekki einkenni tvívíðra og þrívíðra forma.
- Kynnist ýmsum gerðum margflötunga og einkennum þeirra.
- Kynnist reglu Eulers um samband milli fjölda brúna, horna og flata í reglulegum margflötungum.
- Læri að finna rúmmál og yfirborðsflatarmál ýmissa réttra strendinga.
- Nái valdi á rúmmálmælieiningum og átti sig á tengslum á milli þeirra.
- Kynnist því hvernig ná má fram þrívíddaráhrifum í teikningum.
- Kynnist formlegum reglum um forgangsröð aðgerða.
- Geti notað stæður til að skrá samband stærða og fundið gildi þeirra miðað við



tilteknar forsendur.

- Nái nokkru valdi á að einfalda stæður með því að draga saman líka liði, þátta og margfalda inni í sviga.
- Geti nýtt stæður og jöfnur til að leysa gátur og ýmis viðfangsefni úr daglegu lífi.
- Efli skilning sinn á eðli talna og deilanleika þeirra.
- Geti nýtt algebru til að leysa rúmfræðileg viðfangsefni.
- Þekki leiðir til að sýna samband stærða með orðum, jöfnum, töflum og gröfum (línuritum).
- Geti teiknað graf fyrsta stigs jöfnu.
- Þekki einkenni á jöfnu beinnar línu, svo sem hallatölu, og skurðpunkt við y-ás og geti sett fram jöfnu með því að skoða graf beinnar línu.
- Geti lýst staðsetningu með hnitum.
- Kynnist því hvernig lesa má lausn jöfnu af grafi hennar.
- Kynnist fallhugtakinu.
- Öðlist skilning á helstu reiknireglum, svo sem víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.
- Þrói með sér leikni í að reikna með jákvæðum og neikvæðum tölum.
- Nýti sér þekkingu sína á tugakerfinu, talnastaðreyndum og einkennum reikniaðgerðanna við útreikninga.
- Nái góðu valdi á samsettum útreikningum og forgangsrið aðgerða.
- Átti sig á hvað felst í samlagningar- og margföldunarandhverfum.
- Viti að til er hlutleysa í samlagningu og margföldun.
- Nái valdi á nokkrum leiðum til skrá upplýsingar skipulega, svo sem með mengjamyndum, töflum og talningartrám.
- Kynnist helstu hugtökum mengjafræðinnar, svo sem mengi, staki, sniðmengi, sammengi og hlutmengi.
- Geti lýst mengjum með orðum, upptalningu, mengjamyndum og táknmáli stærðfræðinnar.
- Fáist við verkefni þar sem notaðar eru yrðingar með „og“ og „eða“ til að afmarka mengi, t.d. við leit í leitarvélum.
- Fáist við fjölbreytta samsetta reikninga.
- Dýpki þekkingu sína á völdum sviðum stærðfræðinnar.
- Átti sig á því að stærðfræði má finna víða í umhverfinu.
- Skerpi skilning sinn á mælingum og mælingahugtökum.
- Efli skilning sinn á almennum brotum og hæfni til að lesa og skrá heilar tölur og brot.
- Þekki ýmsar leiðir við brotareikning og nái valdi á reikningi með almennum brotum.
- Efli tilfinningu sína fyrir niðurstöðum úr brotareikningi.
- Nýti sér myndræna framsetningu við útreikninga með brotum.
- Öðlist færni í að fást við hlutföll í ýmsu samhengi og styrki hlutfallaskilning sinn.
- Geti notað hlutföll við samanburð á stærðum og í útreikningum.
- Styrki tök sín á prósentureikningi.
- Kynnist hugtakinu einslögun.
- Þjálfist í að vinna með algeng stærðfræðiheiti og tákni.
- Æfi sig í að nota algebru til að tákna samband stærða.
- Noti víxlreglu, tengireglu og dreifireglu til að einfalda táknamstæður.
- Æfist í að skrá stæður og einfalda stæður
- Styrki tök sín á að lýsa og vinna úr tölfræðilegum upplýsingum.
- Geti nýtt sér fjölbreytt myndrit við framsetningu gagna.
- Geti dregið ályktanir af tölfræðilegum gögnum og metið ályktanir annarra á gagnrýninn hátt.



- Öðlist aukna færni í að meta líkur, bæði fræðilegar líkur og líkur leiddar af tilraunum.
- Viti að nota má úrtak til að segja til um þýði.
- Æfist í að nota jöfnur til að leysa viðfangsefni.
- Geri greinarmun á jöfnu og stæðu.
- Nái leikni í að einfalda og leysa jöfnur.
- Læri að fara rétt með stærðfræðitákni, svo sem jafnaðarmerki.
- Öðlist frekari leikni í að reikna samsett dæmi.
- Efli skilning sinn á prósentuhugtakinu.
- Auki færni sína í prósentureikningi þar sem finna þarf hluta, prósentu og heild og geti reiknað breytingar og mismun í hundradshlutum.
- Nýti stærðfræðipækkingu sína á valin svið daglegs lífs.
- Geti sett fram reiknireglur og beitt þeim við útreikninga.
- Vinni með veldi sem endurtekna margföldun.
- Þekki ýmsar gerðir marghyrninga og geti fundið flatarmál, ummál, hornasummu og hornastærðir þeirra.
- Skerpi skilning sinn á hugtakinu hringur og hugtökum honum tengdum svo sem þvermáli, geisla, boga, streng og hringgeira.
- Noti hringfara til þess að finna miðju striks, teikna horn og tvískipta horni.
- Þekki vel mælieiningar tímatalansins og geti skráð tíma af nákvæmni.
- Geti skráð hraða með ólíkum viðmiðum og reiknað út hraða.
- Nái góðu valdi á metrakerfinu og geti skráð sömu stærð með mismunandi mælieiningum.
- Geri sér grein fyrir að hraði er hlutfall milli vegalengdar og tíma.
- Geti nýtt tölur og stærðfræðihugtök til að lýsa hlutum og fyrirbærum.
- Sýni færni í að skrá hlutföll og reikna út hlutföll.
- Nýti algebruþekkingu sína þegar það á við.
- Beiti reiknireglum bæði í algebru og rúmfræði.

Aðferðir

Markmið að nemendur:

- Æfist í að lesa texta um stærðfræðilegt efni sér til skilnings.
- Efli hæfni sína til að lesa og skrá stórar tölur og smáar.
- Nái valdi á ýmsum hugtökum sem notuð eru um tölur og eiginleika þeirra.
- Kynnist táknmáli stærðfræðinnar og geti notað það í bland við daglegt mál.
- Þjálfist í flokkun hugtaka eftir eiginleikum þeirra.
- Geri rannsóknir og athuganir og rökstyðji niðurstöður sínar.
- Kynnist þáttum úr sögu stærðfræðinnar.
- Kynnist þáttum úr sögu stærðfræðinnar.
- Fáist við verkefni þar sem notuð er tölvutækni til að leysa verkefni úr daglegu lífi.
- Þjálfist í að skilgreina hugtök, svo sem hugtakið reglulegur margflötungur og réttur strendingur.
- Rökstyðji niðurstöður sínar og lýsi lausnaleyðum af nákvæmni.
- Nái valdi á að hanna og teikna þrívíða hluti.
- Styrki tök sín á stærðfræðilegum hugtökum og táknmáli stærðfræðinnar. Beiti nákvæmni við útreikninga.
- Æfist í að gera stærðfræðilegar rannsóknir og rökstyðja niðurstöður.
- Temji sér að skrá skipulega athuganir sínar og nýti þær til að greina samband og setja fram reglu.
- Styrki tök sín á stærðfræðilegum hugtökum og táknmáli stærðfræðinnar.



- Átti sig á að oft má leysa sama viðfangsefnið á fleiri en einn veg.
- Noti jöfnur og gröf til að leysa viðfangsefni daglegs lífs.
- Geti lesið skilgreiningar á stærðfræðihugtökum og þjálfist í að nota þær.
- Beiti fjölbreyttum leiðum við að leysa viðfangsefni.
- Geti útskýrt og rökstutt lausnaleyðir.
- Þjálfist í að nota skilgreiningar á stærðfræðilegum hugtökum.
- Temji sér að nota skipulega skráningu og skýringarmyndir.
- Þjálfist í að nota táknmál rökfræðinnar og að lesa úr því.
- Efli rök hugsun sína og ályktunarhæfni.
- Þjálfist í að þýða verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræðinnar.
- Beiti stærðfræði til að skýra mál sitt í umræðum um þjóðmál.
- Kynnist dæmum og vinni verkefni um notkun stærðfræði í nútímaþjóðfélagi.
- Geti gert stærðfræðilega rannsókn á viðfangsefnum daglegs lífs.
- Ígrundi stærðfræðilega þekkingu sína og hvernig þeir geti nýtt sér hana við að leysa viðfangsefni.
- Geti unnið stórt rannsóknarverkefni í samstarfi við aðra.
- Fáir þjálfun í að útskýra og rökstyðja niðurstöður sínar.
- Kynnist dæmum og vinni verkefni um notkun almennra brota í samfélaginu.
- Skoði og kanni stærðfræðilega ýmis viðfangsefni.
- Þekki dæmi um notkun hlutfalla í daglegu lífi og geti beitt hlutfallareikningi við að leysa ýmis viðfangsefni.
- Geti rökstutt niðurstöður sínar og skýrt lausnaleyðir af nákvæmni, t.d. þar sem hlutföll koma fyrir.
- Nái valdi á að nota táknmál stærðfræðinnar í bland við venjulegt mál.
- Þjálfist í notkun sviga og forgangsröð aðgerða.
- Geti notað stærðfræðihugtök í umræðum og við rökstuðning.
- Hafi kynnst almennri notkun gagnagrunna og töflureikna.
- Þekki ýmsar leiðir til að leysa jöfnur.
- Geti lýst lausnaleyðum á skýran hátt og fær rök fyrir þeim.
- Æfist í að greina upplýsingar og setja útreikninga sína skipulega fram.
- Geti leyst verkefni sem skapast í aðstæðum sem þeir skapa sjálfir.
- Nýti eigin stærðfræðilegar niðurstöður í málflutningi sínum.
- Nýti sér tölvutækni við útreikninga.
- Rannsaki, greini og notfæri sér þekkingu af einu sviði við að leysa verkefni á öðru sviði.
- Taki þátt í samstarfsverkefnum, þar sem reynir á færni til að vinna skipulega, og umræðum um lausnaleyðir og niðurstöður.
- Þjálfist í að nota skilgreiningar á hugtökum.
- Kynnist einföldum sönnunum þar sem röksemdafærslur skipta meginmáli.
- Átti sig á hve nákvæmni er mikilvæg í mælingum og geti metið óvissu.
- Geti lesið og túlkað fjölbreyttar tölulegar upplýsingar og niðurstöður.
- Sýni vald á fjölbreyttum vinnubrögðum stærðfræðinnar.
- Geti beitt stærðfræðihugtökum og notað stærðfræðilega framsetningu.
- Átti sig á margvíslegum tengslum stærðfræði við eigið líf.
- Temji sér að skrá skipulega, vanda úrvinnslu og setja niðurstöður sínar skýrt fram.

Námsskipan

Nemendum árgangsins er skipt í tvær bekkjardeildir og hefur hvor sinn kennara ásamt



Því að hafa ákveðinn aðgang að sérkennara eftir þörfum einstaklinga. Bekkjardeildunum er kennt á sama tíma sem eykur aðgang nemenda að sérkennara. Sérkennari kemur inn í kennslustofu eða tekur smærri hópa í námsver. Ef um sértæk frávík er að ræða hjá nemendum fá þeir námsefni sem er aðlagð að þeirra getu og þörfum.

Kennsluaðferðir

Eftirfarandi kennsluaðferðum er beitt í stærðfræði: Sýnikennslu þar sem nemendur og kennari fara saman á ákveðna námsþætti. Skriflegum æfingum og töflukennslu, tvenndarvinnu þar sem tveir eða fleiri nemendur vinna saman að ákveðnum verkefnum. Yfirferð námsefnis og námsspil til upprifjunar og þjálfunar, Hópvinnu þar sem nemendur leysa tiltekin viðfangsefni sameiginlega en þar gefst nemendum kostur á að taka að sér mismunandi hlutverk s.s. verkstjórn, samhæfingu, skýrslugerð, ritun, eftirlit og mat. Í flestum tilfellum vinna nemendur einstaklingslega í verkefnabækur. Kennari leggur inn námsþætti og gefur nemendum tækifæri á að ræða helstu markmið og leiðir.

Námsgögn

Nemendur vinna í kennslubókunum Átta tíu 3 og 4 auk þess er Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla 1, 2 og 3 notuð nokkuð. Þar að auki eru ýmis ljósrituð verkefni frá kennurum. Þá eru nemendur þjálfaðir í notkun vasareikna og tölvuforrita. Að auki er ætlunin að lauma að nemendum ýmsum þrautum og æfa þannig þrautalausnir á kerfisbundinn hátt. Hópvinnu og þemavinnu bjóða uppá ýmiskonar námsgögn en þeim er ætlað að hjálpa nemendum til að ná betri tókum á námsefni og dýpka skilning á námsþáttum. Í stærðfræði er lögð áhersla á það að nemendur tileinki sér að nota námsgögn við vinnu s.s. reglistiku, hringfara, vasareikni, teninga. Það er gert til að hlutgera stærðfræðina og auðvelda nemendum að sjá fyrir lausnir og leiðir að lausnum.

Námsmat

Nemendum er sett fyrir áætlun dag- eða vikulega. Kannanir eru í lok hvers kafla en auk þess fá nemendur heimadæmi/aukadæmi/heimapróf í lok hvers kafla. Nemendur fá kannanir til skoðunar og geta foreldrar fengið að skoða öll próf og verkefni sem nemendur vinna í tímum. Áhersla er lögð á að nemendur vinni sjálfstætt og taki ábyrgð á námi sínu, geti útskýrt hvaða aðferðum þeir beita og setji aðferðir sínar skilmerkilega fram, bæði í töluðu máli og í reikningsbókunum.

Heimanám

Heimanám er sett fyrir í lok hvers tíma og er tilgangur þess að nemendur taki ábyrgð á námi sínu, dýpki skilning á þeim námsþáttum sem farið hefur verið í og til að undirbúa nemendur fyrir nýja námsþætti. Auk þess að hjálpa foreldrum til að fylgjast með námsstöðu og námsframvindu nemenda. Skráning heimanáms fer fram á Mentor og fá foreldrar og nemendur aðgang að því kerfi. Einnig fer fram skráning á heimanámsskilum og er foreldrum sent yfirlit yfir ástundum í tölvupósti vikulega. Þeir foreldrar sem ekki hafa aðgang að tölvum fá upplýsingarnar bréflega. Eftirliti kennara er þannig háttað að hafi nemandi ekki skilað heimavinnu 3 kennslustundir í röð er haft samband við foreldra símleiðis.

Þátttaka foreldra í skólastarfinu

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólastofuna og geta haft samband við kennara þegar þeir hafa áhuga og tíma til að koma. Kennari og foreldrar ákveða, sameiginlega, tíma sem hentar foreldrum til heimsóknna. Einnig eru foreldrar hvattir til að hafa samband við kennara ef þeir hafa einhverjar spurningar í sambandi við heimanám.



Enska

Kennari: Anna María Sigurðardóttir

Markmið:

Að nemandi

Hlustun

- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir
- geti skilið meginefni þegar nokkrir tala saman
- geti greint hver segir hvað í samtölum þegar nokkrir tala saman
- geti skilið leiðbeiningar og nákvæm fyrirmæli, t.d. um ferðalög
- geti skilið hlustunarefni sér til fróðleiks
- geti skilið valið efni um menningu enskumælandi svæða
- þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða
- geti notað hlustunarefni til að vinna með t.d. í ferlisverkefnum

Lestur

- geti lesið og skilið megininntak úr völdu blaðafefni
- átti sig á hvenær nauðsynlegt er að skilja lesefni til hlítar, s.s. leiðbeiningar, fyrirmæli o.s.frv.
- geti lesið úr súluritum, töflum og gröfum og nýtt sér við verkefnavinnu
- geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta
- geti lesið bókmenntaefni við hæfi sér til ánægju
- geti lesið fræðsluefni eftir áhugasviðum
- þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við texta
- geti notað texta til að vinna ferlisverkefni

Talað mál

- geti notað ensku til samskipta í skólastofunni
- geti notað ensku á lipran hátt í persónulegum samskiptum, m.a. tjáð skoðanir sínar og tilfinningar og brugðist við samsvarandi upplýsingum frá öðrum
- hafi lipur tók á framburði, ítónun, áherslum og hrynjandi
- geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hefur lesið um, hlustað á eða horft á
- geti gefið upplýsingar um valda þætti í íslenskri menningu, náttúru og umhverfi
- taki þátt í að vinna ferlisverkefni
- þekki og geti beitt nútíð, þátíð, núliðinni tíð, þáliðinni tíð, nafnorðum, lýsingarorðum, atviksorðum, forsetningum og fornöfnum

Ritun

- geti skrifað skiljanlega, skipulega og viðeigandi samfellda texta á nokkuð réttu máli, s.s. bréf, persónuleg og ópersónuleg, skýrslur, gagnrýni
- kunnir nokkur skil á hvernig skrifað er í mismunandi tilgangi
- þjálfist í að vinna með ferlisritun
- geti tjáð sig skriflega um efni sem hann hefur horft á, lesið um eða heyrt um
- geti tjáð hugsanir sínar og skoðanir á persónulegum málefnum
- þjálfist í að vinna með orðaforða í ritunarverkefnum
- noti orðabækur í tengslum við ritun



- Þjálfist í stafsetningu
- Þjálfist í að vinna ferlisverkefni
- Þjálfist í að beita málnotkunarreglum í ritun.
- Kennsluskipan:
- Kennt er í tveimur getublönduðum bekkjum.

Námsgögn

Matrix-Intermediate, lesbók og vinnubók. Ítarefni: Valdir kaflar úr *Accent on English* ásamt verkefnum. *Move on*, lesbók og vinnubók. Ítarefni: Smásögur, ýmis lesskilningsverkefni, blaðgreinar og verkefni með þeim, ljóð, valið hlustunarefni og verkefni úr *Listening Extra*, léttlestrarbók sem nemendur velja sjálfir. Vefslóðir:

<http://www.namsgagnastofnun.is>. Geisladiskar og hljóðsnældur: Snældur með *Matrix Intermediate*.

Bíómyndin *Touching the void*. Skáldsagan: *The boy in the stripped pyjamas*

Leiðir

Nemendur lesa smásögur og vinna verkefni úr þeim, lesa skáldsögu og vinna ritunarverkefni úr þeim, lesa léttlestrarbækur að eigin vali sér til ánægju, vinna lesskilningsverkefni. Nemendur venjast því að hlusta á ensku í kennslustundum og þjálfast í að nota ensku í umræðum. Nemendur skila verkefnum munnlega. Þeir þjálfá málfræðiatríði í töluðu máli og ritun. Nemendur vinna verkefni, hlusta á texta, lesa, skrá orðaforða og skrifa einfalda stíla. Hlustunarverkefni og ýmis aukaverkefni í málfræði. Nemendur þjálfá málfræðiatríði í töluðu máli og ritun. Þeir gera stuttar frásagnir um ákveðin efni. Geisladiskar, segulbönd og myndbönd.

Kennsluáðferðir:

Bein kennsla, samvinnunám, hugstormun, umræður og spurningar, kappræður og talæfingar.

Heimanám:

Nemendur lesa og glósa heima, leysa verkefni úr ákveðnum textum, læra undir einstök próf eða verkefni.

Námsmat

Reglulega eru unnin verkefni sem gilda til einkunnar. Námsmat fer fram með kafla og annarprófum auk þess sem unnin eru sérstök lesskilnings og ritunarverkefni. Ritun og verkefni gilda 30%, Book Report gildir 15%, sagnapróf gilda 10% á haustönn, munnleg verkefni gilda 15%. Kaflapróf úr *Matrix* og önnur skrifleg próf gilda 50-60 % á hvorri önn.

Danska

Kennari: Steinunn Kristín Bjarnadóttir

Markmið

Að nemandi

Hlustun

- skilji flest venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara, nemenda og í þar til



gerðu hlustunarefni á snældum eða myndbandi

- skilji aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og málaflokka og viðfangsefni sem unnið er með í öðrum þáttum dönskunámsins
- skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er beint við hann um málefni sem hann þekkir og hefur unnið með
- fylgi atburðarás í frásögn nokkuð auðveldlega þar sem hann getur sett sig inn í aðstæður
- geti greint og skilið lykilatriði úr t.d. tilkynningum, frásögnum og samtölum

Lestur

- geti lesið fyrirhafnarlítið texta á frekar léttu máli, t.d. stuttar greinar, blaðgreinar og léttar smásögur
- geti leitað eftir tilteknum upplýsingum, sem tengjast orðaforða málaflokka sem unnið er með, á Neti og í uppflettiritum, t.d. einföldum alfræðibókum
- geti skilið fyrirmæli, leiðbeiningar og aðra stutta texta þar sem nauðsynlegt er að allt innihald skiljist nákvæmlega
- geti beitt ágiskunum fyrirhafnarlaust við lestur lengri texta
- geti lesið léttlestrarbækur fyrirhafnarlítið sér til gagns og ánægju
- hafi lesið minnst tvær léttlestrarbækur með u.þ.b. 60-70 blaðsíðum

Talað mál

- hafi réttan framburð á u og i, -ig, -ej og -eg
- geti spunnið hlutverkaleiki út frá lykilorðum, orðasamböndum og myndum
- geti sagt frá eða endursagt texta eða frásagnir með aðstoð minnispunkta og hjálparorða
- geti brugðist við beiðnum eða spurningum með útskýringum eða lýsingum
- geti notað einfaldan orðaforða um skoðanir sínar og tilfinningar
- geti beðið viðmælanda um að endurtaka það sem sagt var, beðið viðmælanda um að útskýra eða að segja með öðrum orðum og geti fullvissað sig um skilning sinn á því sem sagt var
- geti notað grunnorðaforða í efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi

Ritun

- geti skrifað stutta texta (60-100 orð) út frá lykilorðum
- geti unnið með einfalda útgáfu af ferlisritun
- geti skrifað hálfbundnar ritunaræfingar í ríkari mæli, t.d. út frá myndum, fyrirmælum eða lýsingu á aðstæðum sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með
- geti skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá hlustun eða lestri
- geti skrifað einföld ljóð, t.d. út frá orðtengslamynd eða fyrirmælum.
- Kennsluskipan:
- Kennt er í tveimur getublönduðum bekkjum. Nemendum sem þurfa sérstakan stuðning býðst að fá hann hjá stuðningsfulltrúa inni í bekkjartímum en þeir sem eiga við alvarlegri námsörðugleika að stríða fá sérkennslu hjá sérkennara ýmist í hluta tímana eða þeim öllum.

Námsgögn:

Glimrende, lesbók og vinnubók.



Hvad siger du? B, hlustunarverkefni.
Grammatik 1
Og det er Danmark, myndbandsverkefni.
Smásöguhefti
Anja og Viktor, kvikmynd.
Ýmis ritunarverkefni
Verkefni af vef

Leiðir

Nemendur lesa texta og leysa verkefni sem tengjast þeim, skriflega og/eða munnlega. Hlustunar- eða myndbandsverkefni eru unnin vikulega en kennslan brotin upp öðru hvoru og teknir skurkar í að lesa ákveðna sögu eða horfa á mynd. Málfræði og ritunarverkefni eru unnin samhliða yfir veturinn.

Kennsluáðferðir

Bein kennsla, lausnaleyting, leitarnám, samvinnunám, hugstormun, umræður og spurningar, ítarnám, hlustað og svarað, talæfingar.

Heimanám

Nemendur lesa og glósa heima, leysa verkefni úr ákveðnum textum, læra undir einstök próf eða verkefni.

Námsmat

Reglulega eru unnin verkefni sem gilda til einkunnar. Námsþættir eru; hlustun, lesskilningur, orðskilningur, málfræði og ritun.

Að hausti verður ekki próf í lok annar, heldur nær námsmatið yfir alla önnina: Kaflapróf 20%, Ritunarverkefni 20%, Hlustun 20%, lesskilningur 20% og vinna og virkni í tímum 20%. Á vorönn verður lokapróf og fer lesskilningurinn og ritunin inn í þann hluta og gildir þá lokaprófið 40%

Samfélagsfræði

Kennari: Brynjar Karl Óttarsson

Saga

Markmið

Að nemandi

- skoði byrjun aldarinnar sem skeið þar sem ýmsir möguleikar voru hugsanlega fyrir hendi
- kynni sér sjónarmið um framtíð landsins í upphafi aldar
- grafist fyrir um áætlanir um lagningu járnbrautar og þær forsendur sem þær byggðust á
- kanni mismunandi sjónarmið um lagningu síma til og um Ísland og aðra kosti
- kynnist mismunandi sjónarmiðum um hlutverk landbúnaðar og sveitalífs í íslensku þjóðfélagi
- kanni hugmyndir og áætlanir um virkjanir



- kryfji hugsjónir ungmennafélaga og fleiri samtaka um ræktun lands og lýðs
- grennlist fyrir um uppbyggingu félagsþjónustu og innviða samfélagsins á borð við heilsugæslu, vatnsveitu, hafnargerð og slysavarnir
- rýni í umræðu um leiðir í fræðslu- og skólamálum og meti þá kosti sem teknir voru
- gaumgæfi hvaða leiðir voru valdar í sambandi landsins við Dani og hvernig öðruvísi hefði getað farið
- greini farveg stjórn mála: kosningarétt, stofnun stjórn málaflokka og stefnumál
- skoði skipulag verkalyðs í hreyfingum og samtökum
- kynni sér gang seinni heimsstyrjaldar með því að velja sjónarhorn og efni, eitt eða fleiri, t.d. ólíkt hlutskipti Norðurlanda, hlutskipti Breta/Frakka/Sovétmanna/Þjóðverja/Japana á vígstöðvum og heima fyrir, Gyðingaofsóknir, t.d. með hliðsjón af sögu Önnu Frank og andspyrnuhreyfingar
- þekki atburðarás stríðsáranna í stórum dráttum
- sjái hernám Breta í ljósi stríðsins í Evrópu og hlutleysis Íslands
- viti um aðdraganda varnarsamnings við Bandaríkin og framkvæmd hans
- þekki atburðarás sem leiddi til stofnunar lýðveldis á Íslandi
- þekki áhrif hersetunnar á atvinnulíf, viðskipti og tækni
- kunni skil á siglingum Íslendinga í stríðinu, áhættu og mannfalli
- kanni njósnir, fangabúðir og annan stríðsrekstur
- kynni sér tísku og skemmtanir
- kynni sér menningar- og þjóðernistogstreitu sem upp kom í stríðinu og mismunandi viðhorf til hennar
- kanni menjar og minningar í nálægu umhverfi
- glöggvi sig á frumskjölum og/eða lesi skáldsögur frá stríðsárunum
- kanni sögu tækninýjunga síðustu hundrað ár sem hafa opnað nýjar leiðir til tjáningar og boðskipta, svo sem kvikmyndir, hljóðritun eftir ýmsum aðferðum, útlarp, sjónvarp, tölvur og netheima
- fylgi ferli tónlistariðkunar sem hefur markast af tæknilegum möguleikum, t.d. með rafmögnum hljóðfærum, segulböndum, hljóðgervlum og tölvum
- fylgi eftir þróun kvikmynda frá upphafi til hljóðmynda, litmynda og brellutækni
- kanni breytta hlustun á tónlist vegna tækninýjunga, frá handsnúnum plötuspilurum til útlarps og geislaspilara í ljósi valfrelsis og markaðshagsmuna, fjölbreytileika og einhæfni
- kynni sér andóf gegn tæknitjáningunni svo sem órafmagnaðri tónlist og leit að sögulegum hljóðfærum
- þekki þróun og tjáningarmöguleika tölvutækni frá gatasþjöldum til gagnvirkra netheima
- leiti svara við spurningunni um hvort unglingar hafi orðið afmarkaður þjóðfélagshópur eftir stríð
- athugi hvort hægt hafi verið að kenna ákveðna hugmyndastrauma við unglinga
- skoði tísku og tónlist sem kennd hefur verið við unglinga og unglिंगamenningu og reki þróun ákveðinna þátta
- greini áhrifavalda og fyrirmyndir unglिंगamennningar
- athugi hvernig sjálfsmynd unglinga mótast og mótast af tísku og hvernig tíska er hluti af viðskiptaheiminum, t.d. með því að kanna aðstæður meðal bekkjarfélaga, spyrja eldri systkini og foreldra, skoða gamlar ljósmyndir o.s.frv.
- sjái hvernig ýmis veigamikil málefni hafa verið bundin stjórn málaflokkum en önnur ekki
- kanni afstöðu landsmanna til fiskveiðilögsögunnar, útlærslur hennar og viðbrögð annarra þjóða
- athugi hvaða skoðanir hafa verið uppi um veru erlends hers á Íslandi



- kanni sögu ofveiði og verndar fiskistofna við Ísland
- kynnist byggðastefnu á Íslandi eftir stríð, markmiðum hennar og árangri
- grannskoði uppbyggingu velferðarkerfis á Íslandi, um hvað ríkir samstaða og um hvað eru skiptar skoðanir
- kanni þróun kjördæmaskipunar á Íslandi og helstu álitamál sem hana varða
- fylgi eftir og greini málefni sem eru ofarlega á baugi á líðandi stund, t.d. kosningar, kjarasamninga eða nýjungar í skólamálum
- beiti hugmyndaflugi og raunsæi til að ímynda sér ólíkar stefnur sem sagan hefði getað tekið
- kanni dæmi um áhrif heimsstyrjaldarinnar á hlutskipti einstaklinga og þjóða
- leiti sambands milli tækni og tjáningar, tísku og frelsis
- þjálfist í að greina þráð atburða og aðstæðna og skilgreina meginatriði.

Námsgögn

Stríðsárin á Íslandi og Úr sveit í borg

Leiðir

Nemendur lesa og vinna, ýmist einir eða í hópum, verkefni úr kennslubók og öðrum heimildum. Skoðuð verða málefni 20. aldarinnar þar sem aðaláhersla verður lögð á stríðsárin á Íslandi. Heimildaritgerð tengd efninu verður unnin.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, lausnaleytnám, leitarnám, samvinnunám, hugstormun, umræður og spurningar, ítarnám, hlustað og svarað, heimildavinna.

Heimanám

Nemendur lesa og svara spurningum, vinna ritgerðir og heimapróf, læra undir einstök próf og verkefni.

Námsmat

Tímapróf, heimaverkefni og ritgerð gilda 60% af lokaekunn. Ástundun og hegðun í tímum 20%. Annarpróf í lok annar gildir 20%.

Landafræði

Markmið

Að nemandi

- læri að bera saman ólík svæði í heiminum út frá upplýsingum af kortum og ræði um hvaða þættir hafi áhrif á lífsskilyrði fólks
- læri að lesa úr og búa til aldurspíramída
- skynji mikilvægi upplýsinga á kortum við staðarval t.d. verslunarmiðstöðvar og tengsl þeirra við samgöngur og íbúabyggð
- skilji hvernig náttúrufar hefur áhrif á athafnir fólks og hvernig mismunandi menningarleg gildi, trúarleg viðhorf, tæknileg, efnahagsleg og pólitísk kerfi geta mótað umhverfið á ólíka vegu
- fái yfirlit yfir atvinnulífið og kynnist því hvernig atvinnu fólks er skipt í frumvinnslu, annars og þriðja stigs atvinnugreinar og hver þróun atvinnulífsins er
- öðlist yfirlit yfir heiminn, jafnt þætti náttúrufars sem og menningarleg einkenni, geti borið saman ýmis einkenni heimsálfanna, hvað er líkt og hvað ólíkt
- kynnist því sem er efst á baugi í umhverfismálum og öðlist skilning á gildi



- umhverfisverndar heima og á heimsvísu
- kynnist vandamálum fólksfjölgunar og ójafnrar dreifingar mannfjöldans, þar með talið vaxandi borgvæðingu
- kynnist megindráttum efnahagslífs þjóða, tengslum þess við nýtingu náttúruauðlinda og skiptingu heimsins í ríkar þjóðir og fátækar
- átti sig á því hvað einkennir þróunarlönd t.d. með tilliti til atvinnuvega og tæknistigs þeirra, fæðingar- og dánartíðni, ungbarnadauða, læsis og fjölda lækna
- þjálfist í að greina og túlka landfræðileg tengsl þátta eins og heildarþjóðarframleiðslu, fjölda starfa í einstökum atvinnugreinum, gróðurfars, landslags, veðurfars og búsetumynsturs
- kynnist áhrifum breyttra atvinnuhátta á það hvar fólk býr og samskipti þess
- læri að greina mun á hlutfalli mannafla í frumvinnslu og úrvinnslugreinum og geti útskýrt af hverju þessi munur hefur orðið til
- læri að útskýra mismun á aldurs- og kynjaskiptingu fólksfjölda eftir borgum, svæðum, löndum og heimshlutum og gera grein fyrir hvaða áhrif munurinn hefur á þjónustu í samfélagi með hátt hlutfall aldraðra í samanburði við samfélag með hátt hlutfall ungs fólks
- þekki helstu atvinnuvegi jarðarbúa og hvernig náttúran sniður atvinnulífi hvers lands stakk og setur því skorður
- átti sig á hvernig daglegt líf og efnahagur fólks í þróunarlandi stýrist af náttúruöflunum í ríkari mæli en í iðnríki
- fái innsýn í þau umhverfisvandamál sem fylgja mikilli borgvæðingu, t.d. minnkun ræktunarlands, eyðileggingu gróðurþekju og mengun lofts og vatns
- þekki helstu ástæður gróður- og jarðvegseyðingar af manna völdum, s.s. stórvirkar ræktunarframkvæmdir, og geti skýrt af hverju sumir staðir á jörðinni eru sérstaklega viðkvæmir fyrir slíku rofi
- beri saman inn- og útflutningsvörur annars vegar í iðnríkjum og hins vegar í þróunarlöndum og átti sig á hvaða afleiðingar það hefur í för með sér ef verðmæti seldrar vöru og þjónustu er minna en þess sem er keypt
- útskýri hvernig framkvæmdir mannanna og náttúruafar á hverjum stað hefur áhrif á stækkun eyðimarka
- skilji af hverju ár, vötn og höf eru sérstaklega viðkvæm fyrir mengun
- átti sig á ástæðum þess að fólk flytur, t.d. vegna óskar um betra húsnæði, það skiptir um starf, flýr faraldra, stríð eða ofsóknir
- þjálfist í að rökræða ágreining t.d. um staðarval stóriðju eða landnotkun innan þéttbýlis
- skilji ástæður þess á hvern hátt land er notað, hvernig ágreiningur myndast vegna samkeppni um landnotkun og staðarval mismunandi starfsemi.

Námsgögn

Landfræði handa unglingum 2. hefti, Kortabók

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, lausnleitarnám, leitarnám, samvinnunám, hugstormun, umræður og spurningar, ítarnám, hlustað og svarað, heimildavinna.

Heimanám

Nemendur lesa og svara spurningum, læra fyrir einstök próf og verkefni. og vinna einstaklings- og hópverkefni



Námsmat

Tímapróf, heimaverkefni og ritgerð gilda 70% af lokaeinkunn. Ástundun og hegðun í tímum 10%. Annarpróf í lok annar gildir 20%.

Náttúrufræði

Kennari: Anna María Sigurðardóttir og Elva Eir Þórólfsdóttir

Lífvísindi

Markmið

Að nemandi

- geti lýst grundvelli flokkunar lífvera í hópa
- geti lýst gildi fjölbreytileika lífvera á jörðinni
- geti lýst sérstöðu lífþróunar á nokkrum svæðum, s.s. Ástralíu og Suður-Ameríku
- geti útskýrt hvers vegna íslenskt lífríki á landi er fábreyttara en á meginlöndum, m.a. með skírskotun til rannsókna á sögu lífs á Surtsey
- geti lýst ríkjum lífvera og sameiginlegum einkennum lífvera innan hvers ríkis og vinni að verklegum æfingum, s.s. smásjárskoðun og ræktun, til að glöggva sig á sérkennum lífveranna
- vinni að heimildaöflun og verkefnum um einstaka hópa lífvera, s.s. fiska í sjó eða þörunga, sem tengst getur vistfræðiverkefni á 10. þrepi
- geti útskýrt lífnaðarhætti veira og sérstöðu þeirra
- geti útskýrt eðli algengra veirusjúkdóma í mönnum og þekki árangur af íslenskum veirurannsóknum á sjúkdómum í sauðfé
- geti lýst fjölbreytni meðal baktería með tilliti til frumuöndunar og næringaröflunar
- kynnist því hvernig maðurinn nýtir bakteríur í sína þágu og hvernig hann getur varist skaðsemi annarra
- geti lýst lífsferlum og næringaröflun sveppa og þekki gagnsemi og skaða sem af þeim hlýst
- kynnist ríkjum plantna og vefdýra út frá völdum áherslum, s.s. lífsferlum, æxlun, ljóstíllífun og þroskun
- vinni verkefni um valin líftæknileg atriði eða annað úr líffræði er varðar íslenskt atvinnulíf og rannsóknir, s.s. notkun örvera, framleiðslu ensíma, lyfja eða annarra efna, um hitakærar bakteríur, framleiðslu mjólkurafurða, fiskeldi, gróðurhúsaræktun, svepparæktun eða annað og lýsi því á hverju starfsemin byggist og hverjir eru möguleikarnir til framtíðar lítið.

Námsgögn og leiðir

Námsefnið *Lifandi veröld* fjallar um helstu flokka lífvera. Hún skiptist í 8 kafla en einungis eru lesnir 1., 6., 7. og 8 kaflar. Þeir fjalla um flokkunarfræði, fræplöntur, hryggleysingja og hryggdýr. Vinnan í hverjum kafla byggist á glósuvinnu, verkefnum, þar sem svara á spurningum, leysa þrautir eða gera tilraunir. Hópavinna er töluverð þar sem settar eru upp stöðvar með ólíkum viðfangsefnum og nemendur færast svo milli hópa. Mikið er til af ljósrituðu efni sem unnið er með í tengslum við efni bókarinnar. Fjöldi myndbanda er til um efnið og eru þau sýnd með verkefnavinnu. Kennsluaðferðir eru í formi stuttra fyrirlestra, glósuvinnu, verkefnavinnu, hópaverkefna, sérfræðingahópa, sjálfstæðra vinnubragða, tilrauna eða verklegra æfinga og sýnikennslu. Heimanám er að langmestu leyti lestur þess efnis sem fara á að fjall um í næsta tíma eða upprifjun úr því sem unnið var í tímanum.



Námsmat

Vinnubók gildir 20% af lokaekunn. Próf eru í lok hvers kafla en þau gilda 60 prósent. Þetta eru próf sem fylgja námsefninu og eru þetta krossapurningar úr köflunum auk þess sem völdum spurningum úr vinnubók er bætt við. Verkefni sem nemendur vinna í hópum gildir 20%.

Eðlisvísindi

Markmið

Að nemandi

- geri sér grein fyrir að vélar breyta stærð og stefnu þess krafts sem beitt er
- vinni með og útskýri tilgang vogarstangar, talíu, hjóla og áss, skáflatar, fleygs og skrúfu
- geti lýst samsetningu véla, s.s. gírum á reiðhjóli eða úri
- skilji kraftverkan í einföldum vökvaknúnum tækjum
- mæli kraft og hröðun hluta með mismunandi mælitækjum, m.a. tölvutengdri mælitækni, og noti viðeigandi mælieiningar
- vinni með samband vegalengdar, tíma, ferðar, hraða og hröðunar
- þekki þyngdarlögmál Newtons, hvernig það heldur saman sólkerfum og samband þess við hugtakið þyngdarkraftur
- vinni með einfalda útreikninga í tengslum við annað lögmál Newtons
- geti skýrt samband hugtakanna vinna og orka
- framkvæmi einfalda útreikninga á vinnu/orku og afli og þekki viðeigandi mælieiningar
- geti útskýrt áhrif núningskrafts á hreyfingu hluta
- þekki þyngdarhröðun við yfirborð jarðar
- vinni að einföldum athugunum tengdum þrýstingi og þekki viðeigandi mælieiningar
- skilji og geti beitt hugtökum tengdum eðlismassa, flotkrafti og lögmáli Bernoullis
- framkvæmi tilraun þar sem könnuð eru með nákvæmum mælingum áhrif breytinga á massa lóðs og lengd pendúls á sveiflutíma
- vinni með sveiflustærð, lögun, bylgjulengd og tíðni bylgju og noti viðeigandi mælieiningar
- geri athuganir sem sýna hvernig hljóð berst í lofti og í vatni
- beiti hugtökum um endurvarp bylgja við hljóð
- geri sér grein fyrir muninum á holspeglun og kúptri speglun
- geti útskýrt ljósbrot út frá tilraunum með linsur og þrístrent gler
- skoði uppbyggingu smásjár og víðsjár, kíkis og sjónauka
- geti útskýrt litróf hvíts ljóss út frá athugun
- geti lýst rafsegulbylgjum og eðli ljóss jafnt sem ögnum og bylgju
- þekki ýmsar kenningar um ljós, t.d. kenningar Newtons, Huygens, Youngs og Maxwells.

Námsgögn og leiðir

Námsefnið *Kraftur og hreyfing* fjallar um eðli krafta og hreyfingar. Hún skiptist í 3 kafla en 1. kafli er sleppt því hann er eins og 1. kafli í bókinni *Einkenni lífvera* sem lesin er í 8. bekk. Nemendur gera ýmsar tilraunir til að læra að skilja kraft og beita kraftahugtakinu og til að greina mismunandi hreyfingu. Ýmis hugtök og lögmál eru skilgreind og lært að beita þeim. Vinnan í hverjum kafla byggist á glósuvinnu, verkefnum, þar sem svara á spurningum, leysa þrautir eða gera tilraunir. Hópavinna er töluverð þar sem settar eru upp stöðvar með ólíkum viðfangsefnum og nemendur færast svo milli hópa. Mikið er til af ljósrituðu efni sem unnið er með í tengslum við efni bókarinnar. Kennsluaðferðir eru í formi stuttra fyrirlestra,



glósuvinna, verkefnavinnu, hópaverkefna, sjálfstæðra vinnubragða, tilrauna eða verklegra æfinga og sýnikennslu. Heimanám er að langmestu leyti lestur þess efnis sem fara á að fjalla um í næsta tíma eða upprifjun úr því sem unnið var í tímanum.

Námsmat

Vinnubók ásamt vinnueinkunn gildir 20% af lokaeinkunn. Kaflapróf gilda 30%. Lokaprófið gildir 30%. Verkefni sem nemendur vinna í hópum gildir 20%.

Jarðvísindi – val (kennt annað hvert ár).

Markmið

Að nemandi

- geri sér grein fyrir stöðu sólkerfis okkar í vetrarbrautinni
- þekki einkenni sólkerfis okkar
- geri sér grein fyrir þýðingu aukinnar þekkingar um sólkerfið til betri skilnings á uppbyggingu og samspili alheimsins
- þekki reikistjörnurnar eftir sporbaug, nöfn og einkenni, staðsetningu og helstu fylgitungl
- þekki muninn á lífsskilyrðum á reikistjörnunum og jörðinni
- fjalli um mismunandi kenningar um þróunarsögu sólarinnar
- geti lýst fæðingu, þróun og endalokum stjarna
- þekki loftsteina, halastjörnur og stjörnuhröp
- skilji hvernig og hvers vegna tungl- og sólmyrkvar eiga sér stað
- geti útskýrt eðli flóðs og fjöru á jörðinni út frá þyngdarkrafti
- geti útskýrt árstíðaskipti út frá stöðu jarðar á leið sinni um sólu með tilliti til halla jarðmönduls
- fjalli um hvernig alheimurinn varð til samkvæmt stórahvellskenningunni og þróun hans í fortíð og framtíð
- geri sér grein fyrir að mismunandi kenningar eru til um upphaf alheims, t.d. jarðmiðjukenning og sístöðukenning
- geri sér grein fyrir fjarlægðum úti í geimnum
- þekki mælieiningar sem notaðar eru í umfjöllun um stærðir í alheimi
- þekki hvað ljós er lengi að berast frá sólu og nálægum stjörnum til jarðarinnar.

Námsgögn og leiðir

Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem þeir gera grein fyrir helstu hlutum í sólkerfinu, lýsa Vetrarbrautinni, jörð og tungli. Nemendur fræðast um geimferðir, stjörnusjónauka og hugmyndir manna um líf úti í geimnum. Námsefnið *Sól tungl og stjörnur*. Námsefnið er kennt annað hvert ár á mótí *Efnafræði* (sjá 10 bekk) og þá bæði í 9. og 10. bekk.

Námsmat

Ástundun og samvinna í verklegri vinnu metin ásamt skýrslugerð og verkefnum gildir 40%. Próf verða í lok hvers kafla og að vori og gilda samtals 60%.

Lífsleikni

Kennarar: Anna María Sigurðardóttir og Steinunn Kristín Bjarnadóttir



Markmið

Að nemandi

- styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín gegn óæskilegu áreiti og misbeitingu
- læri að veга og meta hvort einhver samskipti og hegðun falli utan þess ramma sem lög og reglur setja
- öðlist færni í ópersónulegum samskiptum
- læri að íhuga á gagnrýninn hátt langanir sínar, væntingar og sérstöðu til að öðlast aukna sjálfsþekkingu
- verði meðvitaður um rétt sinn til að halda draumum sínum og skoðunum fyrir sjálfan sig og rækta lífsgildi á eigin forsendum
- skynji félagslegar aðstæður til að geta metið hvort og hvernig hann gerist þátttakandi í þeim, t.d. að standast þrýsting til að gera eitthvað gegn betri vitund
- þekki hættur samfara neyslu ávana- og fíkniefna
- viti hvaða valmöguleikar eru í boði í 10. bekk
- fái tækifæri til að kynna þáttum í atvinnulífinu
- viti hverjir eru helstu áróðursmiðlar nútímans
- geti greint frá hlutverki löggjafarvalds, dómssvalds og framkvæmdavalds
- sé meðvitaður um gildi löggæslu til að halda uppi lögum og reglum
- þekki helstu stofnanir sem þjóna landsmönnum
- geti rætt um þætti sem kunna að stuðla að velferð þjóðarinnar
- geti metið hvaða skyldur og ábyrgð hann ber gagnvart samborgurum sínum
- geti gert kostnaðarreikning um fastar greiðslur heimila.

Kennsluskipan

Kennt er í tveimur getublönduðum bekkjum. Nemendum sem þurfa sérstakan stuðning býðst að fá hann hjá stuðningsfulltrúa inni í bekkjartímum en þeir sem eiga við alvarlegri námsörðugleika að stríða fá sérkennslu hjá sérkennara ýmist í hluta tímana eða þeim öllum.

Námsgögn

Eitt og annað úr uppbyggingarstefnu sem skólinn vinnur eftir. Unnið með þarfirnar úr sýn skólans. Ýmis vinnublöð frá kennara. Myndbönd

Leiðir

Námið byggist á verkefnavinnu, lestri, umræðum, æfingum í tjáningu og framkomu. Málefni sem valda deilum í samfélaginu/skólanum hverju sinni verða tekin fyrir og rökrædd. Formleg fundahöld verða æfð þar sem nemendur koma fram og segja skoðanir sínar. Helstu vðfangsefni verða sjálfsþekking, jákvæð samskipti við annað fólk og möguleikar sem nánasta umhverfi hefur upp á að bjóða.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, lausnaleitarnám, leitarnám, samvinnunám, hugstormun, umræður og spurningar, ítarnám, hlustað og svarað, heimildavinna.

Heimanám

Ekki er um sérstakt heimanám að ræða í lífsleikni



Námsmat

Frammistaða í tímum, heimavinna og þátttaka í verkefnum eru metin og fá nemendur annað hvort einkunnina lokið eða ólokið.

Íþróttir

Kennari: Einvarður Jóhannsson

Markmið

Að nemandi

- viðhaldi skyn- og hreyfifærni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og hliðarstökki yfir kistu og jafnvægisgöngu á bita
- auki færni sína og sérhæfingu í íþróttagrein eða annarri hreyfingu eftir vali og áhugasviði
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu, s.s. fjallgöngu, hjóltreidum og gömlum dönsum
- nái frekari tókum á undirstöðuatríðum vetraríþróttar, s.s. að renna sér á skautum, ísknattleiks, að renna sér á svigskíðum og skíðagöngu
- fái tækifæri til að iðka íþróttagrein að eigin vali í styttri eða lengri tíma
- fái fjölbreytta hreyfireynslu af íþróttum og heilsurækt utan- sem innanhúss
- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, s.s. 2000 m hlaupi, hraðaleikjum og ratleikjum
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum fyrir helstu vöðvahópa líkamans, handstöðu og klifri í köðlum og langstökki án atrennu
- noti eigin líkamspunga til kraftþjálfunar
- noti létt áhöld og lóð til kraftþjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s. æfingum sem stuðla að rétttri beitingu mismunandi líkamshluta, leikjum af ýmsum toga og 100 og 200 m hlaupi
- þjálfist í þrek sitt á leikrænan hátt með undirstöðuæfingum ýmissa íþróttagreina
- beiti rétttri tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreyfingu, s.s. sérhæft þolpróf, 2000 m hlaup, kraftpróf, langstökk án atrennu, liðleikapróf og próf sem kennari velur
- læri nýjan íslenskan og erlendan dans
- þjálfist enn frekar í að auðga hugmyndaflug, sköpunarmátt og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi
- þjálfist í að skipuleggja og taka þátt í samstarfsverkefnum s.s. dansi og danssýningum, spuna og skapandi hreyfingu, gönguferðum og íþróttasýningum
- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga, s.s. ratleikjum og hóp- eða liðakeppni
- átti sig á því hvaða íþróttagrein eða heilsurækt henti sér best út frá getu og áhuga
- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar
- fái upplýsingar og kynningu á möguleika til ástundunar íþróttar hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni
- öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. með tilliti til næringarþarfa og orkuþarfa
- öðlist grunnþekkingu á nokkrum hugtökum þolþjálfunar, s.s. þjálfunarpúls, hvíldarpúls, hámarkspúls, loftháðri þolþjálfun og loftfirðri þolþjálfun



- læri helstu reglur og átti sig á leikfræði helstu íþróttagreina
- þjálfist í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar fyrir eigin þjálfun í líkams- og heilsurækt.

Námsgögn og leiðir

Reynt verður af fremsta megni að nálgast markmið kennslunnar í gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar með eða án bolta. Nemendur vinna töluvert í stöðvahringjum þar sem áhersla er lögð á að efla kraft, fimi og liðleika auk þess sem líkamspól verður eftt t.d. með útihlaupum.

Útiþróttir

Leitast er við að allar bekkjardeildir sæki íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Megintilgangur þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á viðeigandi klæðnað til íþróttaiðkunar.

Námsmat

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. Kannanir verða lagðar fyrir og hafðar til hliðsjónar við lokamat. Á haustönn eru gerðar athugasemdir en í lok vorannar er formlegt námsmat.

Sund

Kennari: Þuríður Helga Þorsteinsdóttir

Markmið

Að nemandi

- viðhaldi sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar
- kynnist og nái grundvallarfærni í ýmsum möguleikum sundíþróttum, s.s. flugsundi með og án hjálpartækja, skriðsundi og snúningum við bakka, baksundi og snúningum
- nái tókum á nákvæmri útfærslu í 75 m þrisundi, baksundi, bringusundi og skriðsundi
- nái tókum á nákvæmri útfærslu í 8 m kafsundi
- þjálfist enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu
- taki þátt í æfingum með áhöld sem efla slökun og líkamsvitund í vatni
- þjálfist í fatasundi eftir stungu af bakka og 50 m sundi, þar af 6-8 m kafsundi
- læri að troða marvaða, afklæðast á sundi og synda
- taki þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsurækt
- taki þátt í sundþjálfun til að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka
- þjálfist í að geta synt 500 m viðstöðulaust með frjálsum aðferðum
- þjálfist í leikjum sem efla félagslega samvinnu
- þjálfist í verkefnum sem ná til hvatningar til áframhaldandi sundiðkunar
- fái í heimsókn afreksfólk á sviði sunds eða sundþjálfunar



- átti sig á því hvaða íþrótt eða líkams- og heilsurækt henti sér best út frá getu og áhuga
- læri helstu reglur sundíþróttar sem hér á landi eru stundaðar
- þjálfist í að skipuleggja sundþjálfun fyrir eigin líkams- og heilsurækt
- taki þátt í umræðu um aflfræði og lögmál vatnsins til sundiðkunar og vellíðunar í vatni
- öðlist þekkingu á tengslum markvissrar þjálfunar og árangurs í sundi
- taki eitt sundstig árlega, eflir þrek, félagslegan og líkamlegan þroska og sjálfstraust og þekki og virði umgengisreglur á sundstað.

Námsgögn og leiðir

Sundbolur og sundskýla, ekki bíkíni, síðar buxur eða stuttbuxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi. Áhersla lögð á þolsund og aðrar greinar sundsins s.s. vatnsleikfimi og sundbolta.

Námsmat

Sundstigspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.

Sundstig - samræmd markmið í 9. bekk:

- 500 m þolsund. Lágmark 3 sunndaðferðir.
- Sund í fötum. Stunga af bakka, 50 m fatasund þar af 8-10 m kafasund. Troða marvaða og afklæðast í sundi. Synt til baka sömu vegalengd.
- 25 m flugasund.
- Synt innan tímamarka. Nemendur velja 2 sunndaðferðir af 3.

Upplýsingamennt

Kennari: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir

Markmið:

Að nemendur:

- haldi áfram að byggja ofan á þá þekkingu og færni sem þeir hafa öðlast á undanförunum árum í vinnu á bókasafni skólans
- öðlist færni í upplýsingaleit
- séu vel meðvitaðir um höfundarrétt og hvernig meðhöndla á heimildir
- geti nýtt sér handbækur, netið og önnur gögn við vinnu heimildaritgerða og fleiri verkefna
- geti sett fram niðurstöður sínar á viðeigandi hátt
- öðlist þjálfun í að skrifa ritgerð samkvæmt fyrirráðum
- geti notað lykilorð, hugtök og aðalatriði úr texta og sagt frá með eigin orðum
- kunni að vitna í heimildir og skrá þær samkvæmt reglum
- geti notað safnið sér til gagns og ánægju.

Námsleiðir

Samvinnuverkefni í samfélagsfræði þar sem nemendur fá aðstoð við val á heimildum og notkun þeirra. Byggt ofan á fyrri þekkingu og reynslu í heimildavinnu. Nemendur verða hvattir til að nýta sér safnið.



Bekkurinn fær úthlutað tíma eftir samkomulagi milli viðkomandi kennara og skólasafnskennara þegar heimildavinna stendur yfir.

Námsmat

Námsmat heimildavinnu verður í höndum samfélagsfræðikennara en safnkennari gefur umsögn um vinnu hópanna.

Fatasaumur-val

Kennari: Bergdís Kristmundsdóttir

Markmið

- Að nemandi
- fari í undirstöðuatriði í meðferð saumavéla .
 - læri heiti og hugtök sem tengjast vélinni og saumaskap yfirleitt.
 - læri að taka snið upp úr blöðum.
 - saumi einfaldar flíkur.

Námsgögn og leiðir

Nemendur gera þjálfunaræfingar til að ná góðu valdi á saumavél, læra að taka snið upp úr blöðum, leggja þau á efni og sníða. Nemendur sauma flík (flíkur) á sjálfa sig eða aðra.

Námsmat

Frammistaða í tímum og verkefni metin.

Heimanámsval

Kennarar: Erla Ingólfssdóttir, Inga Dís Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir og Laufey Hreiðarsdóttir

Þessi valgrein er ætluð þeim sem þurfa heimanámsaðstoð í einu eða fleiri fögum. Greinin er hugsuð sem stuðningur við námsefni unglिंगadeildar. Mætingarskylda er í faginu og ef nemendur koma ekki með heimanám til að vinna verða þeim fengin önnur verkefni til að vinna í tímanum. Valgreinin er hugsuð sem stuðningur við nemendur og getur nýst sem undirbúningur fyrir samræmd próf.

Námsmat

Lokið / ólokið.

Heimilisfræði - val

Kennari: Alda Björk Sigurðardóttir

Markmið

Að nemandi



- þjálfist í að setja saman máltíðir og fylgja manndismarkmiðum og RDS
- læri um kvilla og sjúkdóma sem tengjast mataræði.
- þjálfist í að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan mat samkvæmt manndismarkmiðum
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum matreiðsluaðferðum
- þjálfist í að geta með öðrum skipulagt, útbúið og borið fram mat við ýmis tækifæri
- þekki helstu þjóðarrétti Íslendinga og geti útbúið mat frá ýmsum löndum
- þekki helstu dreifingarleiðir örvera og þann skaða sem þær geta valdið
- þjálfist í að beita kunnáttu við að varast tjón af völdum örvera (matareitranir)
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörf

Námsgögn og leiðir

Þessir tímar eru aðallega verklegir þar sem unnið verður með fjölbreytt hráefni og útbúnir réttir úr því. Þar má nefna að baka upp súpur og sósur, matarlím og meðferð þess. Matreitt verður úr kjöti og fiski ýmsir réttir. Þá verður bakað með mismunandi aðferðum. Sjúkdómar tengdir mataræði kynntir s.s. lysterstol, lotugræðgi, offita, sykursýki, ofnæmi og óþol.

Nemendur þjálfast í að matbúa rétti frá ólíkum löndum. Mikil áhersla að nemendur þjálfist á sem fjölbreyttastan hátt að vinna ýmsar aðferðir. Kennari notar stundum sýnikennslu þegar er um að ræða nýja aðferð. Reynt er að hafa þema fyrir hverja kennslustund þannig að nemendur sjái fjölbreytni með sama hráefni eða mismunandi mat frá mismunandi svæðum heimsins.

Námsmat

Simat á vinnubrögðum, vinnusemi, umgengni, hegðun og sjálfstæði. Formlegt mat í lok annar. Verklegur hluti gildir 85% og verkefni gilda 15%

Íþróttir-val

Kennari: Einvarður Jóhannsson

Markmið

Sjá íþróttir –kjarna.

Námsgögn og leiðir

Námið er tvískipt, annars vegar bóklegt nám s.s. þjálfunarfræði, íþróttaslys, hinar ýmsu íþróttagreinar o.fl. Hins vegar verklegt nám þar sem nemendur í samráði við kennara skipuleggja kennslustundir og kenna hver öðrum.

Námsmat

Námsmat byggist á frammistöðu í tímum og verkefnum.

Stærðfræði – val

Kennari: Kolbrún Jónsdóttir, Sigfús Aðalsteinsson og Vala Stefánsdóttir



Markmið

Sjá stærðfræði –kjarna.

Námsgögn og leiðir

Nemendum er skipt í tvo hópa eftir getu. Annar hópurinn vinnur að grunnþáttum stærðfræðinnar en hinn hópurinn dýpkar skilning sinn í stærðfræði og vinnur m.a. verkefni á framhaldsskólastigi. Námsefni er ýmis ljósrit frá kennurum sem unnin eru í tímum og kláruð heima.

Námsmat

Verkefni gilda 75%, vinnusemi, ástundun og hegðun 25%

Leiklist - val

Kennari: Sólveig Rögnvaldsdóttir

Leiklist verður kennd í tvo tíma í viku fram yfir áramót. Í nokkrar vikur fyrir árhátíð verða tíðari æfingar en leiklist er ekki kennd eftir árhátíð.

Farið verður í undirstöðuatriði leiklistar, s.s. spuna, stíla, leikæfingar, endurgerðir, leiklestur o.s.frv. Sett verður upp leikrit á árhátíð skólans.

Námsmat

Símat: Hegðun, ástundun og færni verður metið til einkunnar.

Myndvinnsla – kvikmyndir

Kennari: Brynjar Karl Óttarsson

Farið verður í myndvinnslu (Paint Shop pro): Nemendur skanna inn myndir, vinna með þær og umbreyta og nota stafræna myndavél.

Þá verður unnið með undirstöðuatriði kvikmyndagerðar, þ.e. kvikmyndatöku, hljóð, lýsingu og klippingu. Unnið verður í Windows MovieMaker. Mjög gott er ef nemendur eiga stafrænar myndbandsvélar. Lokaverkefni er upptaka og vinnsla stuttmynda.